

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 149. löggjafarþings, frá 14. desember 2018 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 21. janúar 2019.

Gjört á Bessastöðum, 13. desember 2018.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.“

Alþingi samþykkti hinn 14. desember 2018 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 149. löggjafarþings, frestað hinn 14. desember 2018.

Forsætisráðuneytinu, 14. desember 2018.

F. h. r.
Ragnhildur Arnljótsdóttir.

Ágúst Geir Ágústsson.